

## **Ályktun um afnám áminningarskyldu**

52. aðalfundur FOSS mótmælir harðlega fyrirhuguðu afnámi áminningarskyldu hjá ríkisstarfsfólki.

Áminningarskylda er grundvallarþáttur í réttlátri málsmeðferð og tryggir að starfsmenn fái raunhæft tækifæri til úrbóta áður en gripið er til alvarlegra aðgerða.

Afnám áminningarskyldunnar veikir réttaröryggi, eykur hættu á geðþóttaákvörðunum og grefur undan trausti til stjórnslunnar. Slík breyting mun ekki bæta gæði mannauðsstjórnunar heldur þvert á móti auka óvissu, ósanngirni og óstöðugleika á vinnustöðum ríkisins.

Fundurinn krefst þess að fallið verði frá áformum um afnám áminningarskyldu og að áfram verði tryggð fagleg, gagnsæ og réttlát málsmeðferð í starfsmannamálum hins opinbera.